

Tillaga Flokks fólksins um að hægt sé að nota frístundakortið í sumarnámskeið sem eru að lágmarki tvær vikur en ekki tíu vikur.

Flokkur fólksins leggur til að börn geti nýtt frístundakort sitt í sumarnámskeið sem eru að lágmarki tvær vikur. Í núgildandi reglum er það gert að skilyrði fyrir notkun frístundakorts að námskeið séu tíu vikna löng. Það skilyrði er allt of langt og takmarkar verulega möguleika barna til að velja þau námskeið sem þau vilja sækja þ.m.t. sumarnámskeið. Það styttist í sumarið og standa börnum til boða ýmis konar sumarnámskeið sem haldin verða m.a. í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Eftir strangan og afar óvenjulegan vetur sem einkenndist seinnipartinn af faraldri bíða mörg börn með óþreyju að taka þátt í tómsundum, íþróttum og leikjum. Foreldrar eru missett fjárhagslega. Sumir hafa misst vinnu eða laun verið skert vegna COVID. Reglur frístundakortsins kveða á um að aðeins sé hægt að nota frístundakortið á námskeið sem eru að lágmarki 10 vikur en ekkert sumarnámskeið er í 10 vikur. Fjölmörg námskeið eru almennt mikið styttri. Þess vegna leggur borgarfulltrúi Flokks fólksins til að hægt sé að nýta frístundakortið í öll sumarnámskeið allt niður í tveggja vikna námskeið. Það skýtur skökku við að sjá á heimasíðu ÍTR, þar sem sumarnámskeið eru auglýst, að þar er einnig minnt á frístundakortið, sem þó er ekki hægt að nýta á sumarnámskeiðin enda ekkert þeirra í 10 vikur.

Greinargerð:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur áður komið með tillögur sem lúta að breytingum reglum og notkun frístundakortsins þannig að frístundakortið fái aftur sitt upphaflega markmiðið sem hefur í tímans rás verið afbakið og skrumskælt. Til upprifjunar þá var frístundakortið hugsað sem tæki til jöfnuðar til að gefa öllum börnum tækifæri til að stunda íþrótt eða tómsundastarf án tillits til efnahags foreldra þeirra. Frá árinu 2009 hóf meirihlutinn að afbakið reglur kortsins sem skerti rétt barnsins til að nota það í samræmi við tilgang þess. Haldið var áfram að klípa af réttindum til nýtingar á frístundakortinu á kostnað réttinda barnsins. Við bættist að nota rétt til frístundakortsins til að greiða niður allt mögulegt annað en tómsundir og íþróttir fyrir barnið. Þessi afbökun kom verst niður á börnum efnaminni foreldra þar sem þeir foreldrar hafa þurft að forgangsraða og nota t.d. réttinn til nýtingar frístundakortsins til að greiða með frístundaheimili og tungumálaskóla. Einnig var tekið upp á því að blanda rétti til nýtingar frístundakortsins saman við skuldir foreldra þrátt fyrir að frístundakortið væri hugsað til að jafna aðstæður.

Samkvæmt verklagsreglum sem enn er fylgt (Verklag vegna vanskila/forráðamanna er varðar þjónustu við börn, samþykktar í borgarstjórn þann 17. desember 2013) þurfa foreldrar að fórna rétti til nýtingar frístudakortsins til að geta sótt um sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir barn sitt, eða ef þau sækja um að fá skjól fyrir skuld sína eða fá hana afskrifaða. Notkun frístundakortsins hefur því verið langminnst í því hverfi borgarinnar sem flestir innflytjendur búa og þar sem fátækt er mest.

Barátta Flokks fólksins fyrir rétti barnsins að nýta frístundakortið í samræmi við tilgang þess hefur nú skilað árangri þar sem að í drögum að endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð hefur verið fellt úr gildi að skilyrða aðstoðina því að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti. Reglurnar eru nú í umsagnarferli. Eftir sem áður er enn margt sem þarf að lagfæra sem snýr að notkun frístundakortsins. Almennt séð eru reglurnar of stífar og jafnvel ósanngjarnar þar sem þær hindra mörg börn í að geta notað það. Skilyrði að námskeið þurfi að taka 10 vikur nær engri átt. Fæst námskeið eru svo löng, hvað þá sumarnámskeið. Mörgum börnum hugnast einnig betur styttri námskeið. Lengri námskeið er auk þess dýrari en styttri námskeið og margir foreldrar hafa einfaldlega ekki efni á að greiða mismuninn milli frístundakortsins sem er 50.000 krónur og það sem námskeiðið kostar.

Í gangi er stefnumótunarvinna um frístundakortið en lítið heyrir frá þeim vinnuhópi. Ekkert er vitað um hvort sá hópur er í raun að vinna með þær tillögur um lagfæringar á frístundakortinu sem Flokkur fólksins hefur lagt til. Borgarfulltrúi leggur til að þessi tillaga um að nýta megi frístundakortið í námskeið sem er allt niður í tvær vikur í stað 10 vikur verði samþykkt strax enda sumarið handan við hornið. Enginn tími er til að bíða eftir því hvað mögulega kann að koma frá þessum vinnuhópi sem hefur nú þegar verið að störfum í margar vikur. Í þessari tillögu er einblínt á þetta atriði en Flokkur fólksins mun halda áfram að leggja til einstakar breytingar bæði á reglum frístundakortsins og að það verði aðeins notað í þeim tilgangi sem það er ætlað. Það verður ekki fyrr en búíð er að fjarlægja annmarka við reglur kortsins að börn í öllum hverfum geti nýtt kortið með viðunandi hætti og að frístundakortið verði það jöfnunartæki sem því var ætlað frá byrjun.